

7. Söluverð herrar einstakrar vörutegundar, bæði einingar- og heildarverð, og skulu allir töluliðir reikningsins lagðir saman og aðalupphæð hans skýrt tilgreind.
8. Nettóþyngd herrar einstakrar vörutegundar í sendingu, svo og stykkjatölu.
9. Afslátt og annan frádrátt, sem er veittur, upphæð hans og hvers vegna frádrátturinn er gerður.
10. Hvenær sala fór fram, hvernig vara er seld (fob, cf, cif, o.þ.h.) og í hvaða mynt reikningsverð er tilgreint.
11. Greiðsluskilmála og önnur greiðsluskilyrði.
12. Yfirlýsing seljanda um, að aðeins einn vörureikningur sé gefinn út yfir allar þær vörur sem eru í sendingu með tilgreindu fari og að vörurnar séu tilgreindar með því verði sem greitt er eða greiða ber fyrir.

3. gr.

Í stað frumrits eða samrits vörureiknings getur tollstjóri tekið við vörureikningi sem sendur er innflytjanda með fjarskiptum (telefax) enda séu í honum veittar þær upplýsingar sem kveðið er á um í 2. gr.

4. gr.

Reglugerðir, auglýsingar og reglur hvers konar, sem settar hafa verið samkvæmt lögum nr. 120, 31. desember 1976 um tollskrá o.fl., lögum nr. 59, 28. maí 1969 um tollheimtu og tolleftirlit og lögum nr. 60, 11. júní 1947 um tollvörugæymslur, með síðari breytingum, svo og reglugerð nr. 41/1957 um tollheimtu og tolleftirlit, reglugerð nr. 38/1969 um afhendingu aðflutningsskjala til tollmeðferðar, reglugerð nr. 257/1970 um gerð og afhendingu aðflutningsskýrslu til tollmeðferðar, reglugerð nr. 258/1970 um ritun auðkennisnúmera innflytjanda á aðflutningsskýrslu, auglýsing nr. 92/1972 um ritun tollskrárnúmera á vörureikning, reglugerð nr. 124/1938 um tollmeðferð aðfluttra póstsendinga og auglýsing nr. 188/1969 um tollfrjálsan innflutning á vistum og búnaði vísindaleiðangra, skulu halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þær brjóta ekki í bága við ákvæði tollalaga nr. 55, 30. mars 1987, uns nýjar reglur og fyrirmæli hafa verið gefin út.

5. gr.

Auglýsing þessi er sett skv. 148. gr., sbr. 2. mgr. 150. gr., tollalaga nr. 55, 30. mars 1987 og skal gilda frá og með 1. september 1987.

Fjármálaráðuneytið, 31. ágúst 1987.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

REGLUR

um verðmætismörk vegna yfirlýsingar útflytjanda á vörureikningi um uppruna vöru svo og sérstaka tollmeðferð smáböggla til einkaðíla og einkafarangurs ferðamanna samkvæmt fríverslunarsamningum EFTA og EBE.

1. gr.

Til þess að notið verði tollfrelsis við innflutning á upprunavörum frá EFTA- og EBE-löndum gegn framvísun á vörureikningi með yfirlýsingu útflytjenda um uppruna vöru, sbr.

9. gr. auglýsingar nr. 404/1987, eða innflutning til á slíkum varningi í smáböggjum til einkaaðila eða einkafarangri ferðamanna án þess að framvísa í þeim tilvikum EUR. Í skilríki eða vörureikningi með yfirlýsingu útflytjanda um uppruna vöru verður verðmæti innflutningsins að vera innan þeirra marka í gjaldmiðli hvers aðildarlands sem gerð er grein fyrir hér á eftir:

Land	Mynt	Smáböggjar til einka- aðila 310 ECU	Persónulegur farangur ferðamanna 880 ECU	Mörk vegna yfirlýsingar á vörureikn. á 4 400 ECU
Austurríki	ATS	5 000	13 000	65 000
Belgía	BEF	14 000	39 000	194 000
Bretland	GBP	220	630	3 140
Danmörk	DKK	2 450	6 950	34 700
Finnland	FIM	1 600	4 500	22 500
Frakkland	FRF	2 300	6 000	30 000
Grikkland	GRD	47 515	122 980	614 900
Holland	NLG	750	2 100	10 400
Írland	IEP	240	670	3 360
Ísland	ISK	13 000	37 000	184 000
Ítalía	ITL	450 000	1 270 000	6 360 000
Lúxemborg	LUF	14 000	39 000	194 000
Noregur	NOK	2 360	6 700	33 500
Portúgal	PTE	50 000	140 000	700 000
Spánn	ESP	43 000	121 000	605 000
Sviss	CHF	500	1 500	7 500
Svíþjóð	SEK	2 300	6 300	32 000
Þýskaland	DEM	650	1 850	9 200

Útflytjanda er heimilt að rita vörureikning í gjaldmiðli hvaða aðildarríkis að fríverslunar- og viðskiptasamningum sem er. Velji hann hins vegar einhvern annan gjaldmiðil en að ofan greinir geta töllyfirlýsingar í innflutningslandinu aðeins beitt fjárhæð sem gildir fyrir innflutningslandið.

2. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 6. tl. 3. gr. laga nr. 120/31. desember 1976 um tollskrá o.fl. með síðari breytingum, sbr. 9. gr. auglýsingar nr. 404/1987 og öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felldar úr gildi reglur nr. 303/1986 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 26. ágúst 1987.

F. h. r.
Sigurgeir Jónsson.

Bjarnveig Eiríksdóttir.